

Athugasemd og tillaga sviðsstjóra

Málsaðili : Fjarðarmót ehf
Tengiliður :
Dagsetning : 26.11.2014
Númer : 1411347
Flokkur :

Efni : Ég legg til að þessu verði synjað og lóðin auglýst.
Fjarðarmót eru nú þegar með Kirkjuvelli 8, lóð fyrir íbúðir og þjónustu: eins til þriggja hæða hús fyrir verslun og þjónustu á 1 hæð og heimild fyrir þjónustu eða 12 - 16 íbúðum undir 80 m² hverri (birt flatarmál) á annarri og þriðju hæð.
Þeim var úthlutað lóðinni árið 2004 með eftirfarandi skilmálum:
Fullunnir aðaluppdrættir 1. apríl 2005
Ljúka gerð sökkulveggja fyrir 1. ágúst 2005
Að gera húsið fokhelt og grófjafna lóð fyrir 1. ágúst 2006
Að fullgera húsið að utan fyrir 1. janúar 2007.
Ekkert hefur bólað á framkvæmdum og ekki komið fram ósk um að breyta skipulaginu þannig að aðeins séu þar íbúðir.